

PCC Bakki Silicon hf.
Bakkavegur 2
640 Húsavík

Reykjavík, 3. ágúst 2022
UST202202-360/S.M.
8.07.02

Reglubundið eftirlit í PCC BakkiSilicon

Þann 31. mars sl. fór fram reglubundið eftirlit í kísilver PCC á Bakka. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Frá fyrri eftirlitum eru opin fjögur frávík er varða:

1. Gr. 3.11 í starfsleyfi. Vegna mikils magns af framleiðsluryki og úrgangi á svæðinu eru niðurföll víða stífluð sem hindrar virkni ofanvatnsfráveitukerfisins.
2. Gr. 2.4 í starfsleyfi. Umgengni á lóð er verulega ábótavant en þar ægir saman framleiðsluúrgangi, ýmiskonar byggingaúrgangi, raflögnum, tunnum og annars konar blönduðum úrgangi.
3. Gr. 3.15 í starfsleyfi. Að minnsta kosti 1100 tonn af framleiðsluúrgangi (ónýtanlegum aukaafurðum) eru áætlaðar á lóð PCC en þær skulu að jafnaði ekki nema meiru en 900 tonnum á ári skv. ákvæðum starfsleyfisins.
4. Gr. 3.17 í starfsleyfi. Í eftirliti 6. júlí 2020 var fjallað um neyðarráðstöfun kísilryks í gryfju á lóð PCC. Í skoðunarferð var staðfest að hreinsun kísilryksins er ekki lokið. Varanleg geymsla eða urðun úrgangs er óheimil skv. starfsleyfi.

Ein ábending var gerð í eftirlitinu en tvö frávík komu fram er varða:

1. Gr. 2.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum við reksturinn. Mikið ryk var á gólfum verksmiðjunnar sem bendir til þess að bæta þurfi verklag til að draga úr losun mengunarefna og stuðla að snyrtilegu rekstrarsvæði.
2. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Ef nauðsynlegt er að geyma hráefni og framleiðsluvöru utandyra skal ganga þannig frá að ekki sé hætta á rykmengun eða annarri dreifingu mengunar, þar með talið í frárennsli. Haugur af timburkurli á hráefnasvæði rekstraraðila hefur dreift sér töluvert út fyrir hráefnasvæðið.

Umhverfisstofnun óskar eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 24. ágúst 2022.

Virðingarfyllst,

Sigríður Magnúsdóttir
Sérfræðingur

Margrét Helga Guðmundsdóttir
Sérfræðingur